


Neither/Hvorugt eftir Arlie Anderson.

Þýðing og umræðukveikjur: Svandís Anna Sigurðardóttir

Bókin hentar elsta stigi leikskóla og yngsta stigi grunnskóla og er tilvalin í umræður um fjölbreytileika, sérstaklega er varðar kyn og kynsegin börn.

Neðst í skjalinu fylgja umræðukveikjur.

(30-60 mín, tíminn fer eftir umfang umræðna og úrvinnslu þeirra)



Blaðsíða/opna með texta:	Texti:
1.	Einu sinni voru tvær tegundir, hitt og þetta
2.	Þessi og hin
3.	Eitt og annað. Þangað til...
4.	Bíííp
5.	Hvaða tegund ert þú? Ég er bæði. Þú getur ekki verið bæði. Þú þarft að vera hvorugt. Er ég Hvorugt?
6.	Hvorugt reyndi að fara í „Hitt“ leik. Þú getur ekki leikið við okkur, þú ert ekki nógu kanínulegt.
7.	Hvorugt reyndi að fara í „Þetta“ leik. Þú getur ekki leikið við okkur, þú ert ekki nógu fuglalegt.
8.	Af hverju ferðu ekki Eitthvert Annað? Þú ert ekki eins og við, þú ert hvorugt.
9.	Hvorugt, Hvorugt, Hvorugt.
10.	Hvaðan kemur þú? Bíííp.
11.	Ég er frá landi Hitt og Þetta, en ég er Hvorugt. Ég vil komast Eitthvert Annað, á stað þar sem ég passa inn í. Þetta er ekki Eitthvert Annað, en þú munt passa inn í hér. Hvað er hér?
12.	Svo margar ólíkar tegundir! „Allskyns-land“
13.	Komdu að leika við okkur. En ég er öðruvísi en þið öll. Ég er hvorki rautt, né appelsínugult, né gult né blátt...
14.	Akkúrat!
15.	Afsakið, við komum frá landi sem heitir Hitt og Þetta, en við þösum ekki inn í þar. Við viljum komast Eitthvert Annað.
16.	En ... þið sögðu að ég væri Hvorugt. Þið sögðu að ég ætti að fara Eitthvert Annað.
17.	En sko, þetta er ekki Eitthvert Annað, þetta er Allskyns-land. Og öll eru velkomin hér!
18.	Einu sinni voru margar ólíkar tegundir, hitt og þetta, smá og þínu, annað hvort, mjög, aðeins, rétt svo, frekar, lítið, hvorugt og bæði.
19.	Og öll voru velkomin.
20.	Þú ert að fara úr landi Hitt og þetta.

Að lestri loknum má spyrja nemendur hvernig þeim líst á Allskyns-land. Gott er að leyfa þeim að skoða myndirnar og allar „tegundirnar“.

Svo er sniðugt að fara aftur í gegnum bókina og benda nemendum á að sagan eigi einnig við um kyn: einu sinni hélt fólk að það væru bara til stelpur og strákar, en svo kom í ljós að það eru líka önnur kyn, t.d. stálp. Mikilvægt er að útskýra [hvað stálp býðir og hvað kynsegin sé](#). Þannig er hægt að renna aftur yfir bókina og benda á að sum telja að það séu ákveðnir hlutir sem eiga bara við um stelpur og svo ákveðnir hlutir sem eiga bara við um stráka, eins og í Hitt og Þetta.

Gott er að staldra við og spyrja hvort þau viti um einhverja svoleiðis hluti? Og hvort það sé nokkuð rétt?

Hér er mikilvægt að bæði benda á það hvernig sumt fólk telur ákveðna liti/leikföng/íþróttir/áhugamál/útlit vera fyrir stelpur eða stráka og um leið er mikilvægt að leiðrétta þær hugmyndir og tryggja að börnin viti að allt eigi að vera í boði fyrir öll kyn.

Í framhaldinu er gott að spyrja börnin hvernig þeim haldi að grænu tegundinni líði þegar hán fær ekki að vera með?

Hvernig ætli grænu tegundinni líði þegar hán fer í Allskyns-land?

En gula og bláa tegundin sem koma síðan yfir í Allskyns-land, sjá börnin að þau eru aðeins öðruvísi líka?

Hvað finnst þeim um landið Hitt og þetta? Hvernig ætli börnum sem eru stálp eða út fyrir „normið“ að einhverju leyti líði þar?

Það má nýta tækifærið til fara yfir fleiri atriði sem snerta hópinn og mál sem hafa komið upp, eins og að við notum ekki orð sem tengjast hópum til að gera grín (eins og hommi, vangefinn og þess háttar). Þá erum við eins og tegundirnar í landi Hitt og Þetta að hrekja grænu tegundina í burtu.

En í Allskyns-landi? Hvernig ætli þeim sem eiga heima í Hitt og þetta (bláu og gulu) líði í Allskyns-landi?

Hér má benda á að það er rými fyrir þau sem eru Hitt og Þetta í Allskyns-landi líka, ásamt öllum hinum.

Hvernig getum við tryggt að í skólanum séum við meira eins og Allskyns-land en ekki Hitt og Þetta?

Hér má ræða:

- að við virðum nöfn og fornöfn og gerum okkar besta að nota þau
- að við vitum að stelpur geti leikið í alls konar leikjum sem sumir halda að séu bara fyrir stráka og öfugt
- að við gerum ekki grín að kyni eða útliti annarra
- að sum börn eru trans og kynsegin, og við trúum því sem þau segja okkur því þau þekkja sig sjálf best
- að við berum virðingu og fögnum því að við erum alls konar og öll einstök
- að það sé skemmtilegra þegar við getum verið alls konar og fáum að vera við sjálf

Hægt er að færa umræður yfir í verkefni og láta börnin teikna eða skapa Allskyns-land og gera samskiptasáttmála eða hugmyndaflugsverkefni um hvernig er að búa í Allskyns-landi, og hvort við gerum það ekki nú þegar (við erum öll alls konar), en þurfum að vera meðvitaðri um það.